

Samstarfsnefnd SV/TFÍ/VFÍ

0 Helstu niðurstöður

- Það er álit nefndarinnar að stefnt skuli að fullri sameiningu SV, TFÍ og VFÍ.
- Nefndin telur að efna skuli til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna til þess að kanna hug fólks og leita eftir beinu umboði fyrir því að vinna að sameiningu félaganna. Spurningin, sem kosið yrði um gæti verið þessi:

„ Telur þú að stefna skuli að sameinuðu félagi verkfræðinga og tæknifræðinga, sem hafi það að markmiði að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna, kjaralegra jafnt sem faglegra. Jafnframt því verði lögð áhersla á mikilvægi menntunar og starfa verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir nútíma samfélag og þannig stuðlað að jákvæðri ímynd verkfræðinnar ? “

- Til undirbúnings allsherjaratkvæðagreiðslu telur nefndin að stjórnir félaganna eigi að gangast fyrir ítarlegri kynningu meðal félagsmanna á kostum og ókostum þess að sameinast í einu félagi. Þessari kynningu skal beint til allra verkfræðinga og tæknifræðinga óháð félagsaðild, í því skyni að ná til sem flestra í markhópi sameinaðs félags.
- Nefndin leggur til að allsherjaratkvæðagreiðslan fari fram vorið 2004.

1 Inngangur

Sumarið árið 2003 ákváðu Stéttarfélag verkfræðinga, Tæknifræðingafélag Íslands og Verkfræðingafélag Íslands að hefja formlegar viðræður um hugsanlega sameiningu félaganna. Í því skyni var komið á laggirnar sameiginlegri samstarfsnefnd til að fjalla um málið og skila stjórnnum félaganna niðurstöðum og tillögum. Með bréfi dagsettu 21. ágúst 2003 var nefndarmönnum tilkynnt um stofnun nefndarinnar og þeir formlega skipaðir í hana, en í nefndinni sitja eftirtaldir fulltrúar:

Snæbjörn Jónsson	VFÍ	formaður
Anna Karlsdóttir	SV	
Guðjón Aðalsteinsson	VFÍ	
Guðrún Hallgrímsdóttir	VFÍ	
Gunnar Sæmundsson	TFÍ	
Gústaf Adolf Hjaltason	TFÍ	
Hafsteinn Pálsson	SV	
Hulda Guðmundsdóttir	SV	
Jóhannes Benediktsson	TFÍ	

Nefndin kom saman á nokkrum fundum á tímabilinu september til desember 2003, en auk þess lögðu nefndarmenn fram vinnu milli funda. Niðurstöður vinnu nefndarinnar eru tíundaðar hér á eftir, en kjarninn í niðurstöðu

nefndarinnar er að leggja til að félögin þrjú verði sameinuð sem fyrst í einum áfanga.

2 Skipan mála í nágrannalöndunum

Nefndin taldi skynsamlegt að horfa til skipulags félaga verkfræðinga og tæknifræðinga í nágrannalöndunum til samanburðar við það sem gerist á Íslandi. Ákveðið var að gera lauslegt yfirlit yfir tilhögun mála á hinum Norðurlöndunum, enda er menntun og menning í þeim löndum líkust því sem gerist á Íslandi. Jafnframt var farið nánar ofan í skipulagið í Danmörku, þar sem sameining hefur gengið einna lengst.

Samtals eru í félögunum sem tilgreind eru hér að neðan um 380.000 félagsmenn, flestir í Finnlandi um 120.000, í Svíþjóð um 109.000, í Danmörku um 62.000 og í Noregi um 87.000. Á Íslandi eru um 2.500 manns í félögum verkfræðinga og tæknifræðinga.

Finnland:

Í Finnlandi er verkfræðinám 5 ár og tæknifræðinám 3½ ár. Þar starfa fjögur félög verkfræðinga og tæknifræðinga:

- Insinööriitto ry (IL) – Finnsla tæknifræðingafélagið. Tæknifræðingar og byggingarfræðingar (bygnadsarkitekta) ásamt stúdentum.
- Driftenjörforbundet í Finland rf (DIFF) – Sænsk-finnsla tæknifræðingafélagið. Sænskumælandi tæknifræðingar og byggingarfræðingar ásamt stúdentum.
- Teknikan Akateemisten Llitto TEK ry – Finnsla verkfræðingafélagið. Verkfræðingar og arkitekta ásamt stúdentum.
- Tekniska foreningen í Finland rf (TFIF) – Sænsk-finnsla verkfræðingafélagið. Sænskumælandi verkfræðingar og arkitekta ásamt stúdentum.

Svíþjóð:

Í Svíþjóð er verkfræðinám 4½ ár og tæknifræðinám (högskoleingenjör) almennt 3 ár. Þar starfa tvö félög verkfræðinga og tæknifræðinga:

- Civilingenjörforbundet (CF) – Sænska verkfræðingafélagið (95.000 manns). Verkfræðingar og tæknifræðingar (högskoleingenjör) ásamt stúdentum.
- Ingenjörforbundet (ING) – Sænska tæknifræðingafélagið (14.000 manns). Tæknifræðingar (Ingenjör och högskoleingenjör) ásamt stúdentum.

Noregur:

Í Noregi er verkfræðinám 4½ ár og tæknifræðinám almennt 3 ár. Þar starfa tvö félög verkfræðinga og tæknifræðinga:

- Norske Sivilingeniörers Forening (NIF) – Norska verkfræðingafélagið. Verkfræðingar og náttúruvísindamenn (tekniskt-naturvedenskapligt

udbildende) ásamt stúdentum. Arkitektar eru meðal félagsmanna. Félagið mun skipta um nafn um næstu mánaðamót og fær nafnið TEKNO.

- Norske Ingeniørers Tekniske Organisation (NITO) – Norska tæknifræðingafélagið. Tæknifræðingar og iðnfræðingar (teknologer) með þriggja ára háskólanám ásamt stúdentum. Meinatæknar (Bioingeniörer) eru félagsmenn í NITO.

Danmörk:

Í Danmörku er verkfræðinám 5 ár og tæknifræðinám almennt 3½ ár. Þar starfar eitt sameiginlegt félag verkfræðinga og tæknifræðinga:

- Ingeniørforeningen i Danmark (IDA) – Danska verkfræðinga- og tæknifræðingafélagið. Verkfræðingar og tæknifræðingar ásamt stúdentum.

Þar sem IDA er það félag sem íslensku félögin hafa mest horft til varðandi skipulag og starfsemi, er hér varið nokkrum línunum í að tíunda skipulag þess. Fyrst eftir sameiningu félaganna sem mynduðu IDA, árið 1994, var skipulag þeirra þannig að hvort félag var með sjálfstæðan fjárhag og sitt starfslið. Skipurit félagsins var þá á þá leið að efst var „Hovedforeningen“ og undir því „Forbundet“ og „LSI“ (Ledende og Selvstændige Ingeniører) sem í voru félagsmenn sem ekki voru launþegar. IDA þróaðist á þá leið að fleiri og fleiri málaflokkar voru meðhöndlaðir innan „Hovedforeningen“ og árið 2001 var skipuritinu breytt á þá leið að starfsemin rann saman í eitt deildaskipt félag án fjármálalegrar aðgreiningar. Skipuritið er nú með þeim hætti að launþegastarfsemin er í einni deild innan félagsins, en stjórn „móðurfélagsins“ fer með alla málaflokka. Stjórn móðurfélagsins til aðstoðar eru stefnumótandi nefndir, en undir hana heyra auk launþegastarfseminnar deildir sem annast fagleg málefni og málefni svæðisbundinnar starfsemi.

Sjá nánar viðauka 2 og 3.

3 Félögin á Íslandi

Á Íslandi starfa tvö félög verkfræðinga og eitt félag tæknifræðinga, Verkfræðingafélag Íslands (VFÍ), Stéttarfélag verkfræðinga (SV) og Tæknifræðingafélag Íslands (TFÍ). Ísland er eina landið sem hefur sérstakt stéttarfélag og er ástæða þess sögulegs eðlis, en segja má að í dag ríki allt aðrar aðstæður en á sínum tíma urðu tilefni stofnunar þeirra félaga sem síðar runnu saman í SV.

Í VFÍ voru hinn 1. október 2003 alls 1079 fullgildir félagar og 13 ungfélagar, en í hópi fullgildra félaga eru eftirlaunaþegar, félagar búandi erlendis eða á landsbyggðinni og ungir félagar þannig að fullgreiðandi félagar eru töluvert færri. Í SV eru nú fullgreiðandi félagar 889, aukafélagar (nemar og erlendis) 41 og eftirlaunaþegar 41 eða alls 971. Í TFÍ eru 835 fullgildir félagar, 48 ungfélagar og 11 aukafélagar eða alls 894. Alls voru 443 verkfræðingar bæði í VFÍ og SV. Því eru um 1600 verkfræðingar félagsmenn í VFÍ og SV og um 900 í TFÍ, eða alls um 2500 manns í félögunum þremur.

Skipurit TFÍ er á sömu nótum og skipurit danska félagsins IDA var fyrst eftir stofnun þess árið 1994 og fram til ársins 2001, það er að launþegastarfsemin er aðskilin frá annarri starfsemi. Verkfræðingar á Íslandi starfa hins vegar í tveimur algerlega aðskildum félögum, þar sem launþegastarfsemin er í sérstöku sjálfstæðu félagi. Hvað Norðurlöndin varðar er það fyrirkomulag einungis við lýði á Íslandi.

4 Félagsgjöld

Fullt félagsgjald í íslensku félögin er sem hér segir:

VFÍ kr. 19.000 eða 17.000 fyrir þá sem einnig eru í SV

TFÍ kr. 23.500

SV kr. 14.400

Þeir sem eru félagsmenn bæði í SV og VFÍ greiða því kr. 31.400

Á Norðurlöndunum eru félagsgjöld í félög verkfræðinga og tæknifræðinga sem hér segir, það er félagsgjöld í EUR og sem hlutfall af árstekjum. Tölurnar eru frá samtökum norrænu félaganna NIM:

Félag	Gjald í EUR	% af árstekjum
TEK (FI)	250	0,6
IL (FI)	333	1,0
DIF (FI)	306	0,9
TFIF (FI)	257	0,6
CF (SE)	316	0,6
ING (SE)	312	0,8
IDA (DK) ¹⁾	554	0,8
VFÍ (IS)	225	0,4
TFÍ (IS)	279	0,5
SV (IS) ²⁾	161	0,3
NITO (NO)	340	0,7
NIF (NO)	353	0,5

¹⁾ Tölur skv. www.ida.dk. NIM gaf upp 1116 evrur / 1,6%

²⁾ Tölur fyrir SV eru ekki frá NIM

5 Kostir og ókostir við sameiningu

Nefndin listaði upp og ræddi ýmsa kosti og ókosti sem því kynnu að fylgja að sameina félögin. Meðal þess sem rætt var voru eftirfarandi atriði.

Kostir og tækifæri:

- Eitt öflugt hagsmunafélag fólks með tæknimenntun á háskólastigi, það er verkfræðinga og tæknifræðinga. Skapar sóknarfæri fyrir félagið og formann þess til að hafa aukið vægi í þjóðmálaumræðu, með fjölmennt félag á bak við sig.
- Samræmd menntastefa. Aukið vægi gagnvart yfirvöldum og háskólum.

- Samræmd kjarastefna. Aukið vægi eins félags allra verkfræðinga og tæknifræðinga í kjaramálum. Aukið vægi kjarabaráttunnar ef faglega starfið er innan sama félags.
- Sóknarfæri til að bæta ímynd verkfræðinga og tæknifræðinga.
- Sameiginlegur breiður vettvangur allra verkfræðinga og tæknifræðinga fyrir fagleg og félagsleg málefni.
- Framkvæmdastjóri félagsins starfar undir einni stjórn.
- Kraftar félaganna sameinaðir. Hefðum hvers félags þó leyft að halda sér eftir föngum.
- Samkennd meðal verkfræðinga og tæknifræðinga eykst.
- Samlegðaráhrif gætu leitt til þess að rekstrarkostnaður lækki. Félagaskrár, fjárhagsbókhald og fleira fyrir eitt félag í stað þriggja.
- Unnt að veita meiri þjónustu.
- Sóknarfæri til að fjölga félagsmönnum.

Nokkrir ókostir og ógnanir sem sameining hefði í för með sér:

- Starfsheitismál. Starfsheiti eru óháð því hvort félögin sameinast eða ekki. Gæta þarf að því að öflugar menntamálanefndir eða ein sameiginleg öflug menntamálanefnd starfi og vaki yfir þeim hagsmunum sem felast í starfsheitum verkfræðinga og tæknifræðinga.
- Sjálfstæði kjarabaráttunnar. Tryggja þarf að sá hluti af starfsemi félagsins sem lýtur að kjarabaráttu og öllu því sem tengist lögum um stéttarfélög og vinnudeilur fái fullt sjálfstæði.
- Margir félagsmenn telja kjaralegum og faglegum hagsmunum sínum ágætlega borgið við núverandi fyrirkomulag SV, TFÍ og VFÍ. Viðbúið er að einhverjir verði óánægðir með sameiningu.
- Ef ákveðið verður að sameina félögin þrjú er mikilvægt að stíga skrefið til fulls strax í upphafi. Hálfkveðnar vísur eru til þess eins fallnar að minnka líkur á því að hægt verði að skapa heildstæða stefnu fyrir helstu málaflokka sameinaðs félags.
- Yfirráðaréttur yfir sjóðum. Gæta þarf að því að hagsmunir sjóðanna og sjóðfélaganna séu tryggðir.
- Nefndir sem nú eru í félögunum þremur verða að mestu sameinaðar, sem þýðir að hlutfallslega færri félagsmenn verða virkir í félagsstarfinu.
- Húseign VFÍ. Hluti félagsmanna í VFÍ er ósáttur við að húseign félagsins renni inn í sameinað félag.

6 Aðrir kostir

Hvað hugmyndir um aukið samstarf varðar, er það að mati nefndarinnar fyrst og fremst spurning um möguleika á hagræðingu í rekstri skrifstofu, en ekki verður séð að ávinningur verði af því hvað varðar styrk félaganna né sóknarfæri.

Þá hafa komið fram hugmyndir um formleg regnhlífarsamtök félaganna jafnvel með þátttöku annarra félaga tæknimanna. Að mati nefndarinnar gætu slík samtök einungis komið að gagni, ef félögin sem mynda samtökin væru sterk inn á við og starfsemi skaraðist einungis á almennum málum út á við. Þannig gæti eitt félag sem starfar á breiðum grunni, það er hefur innan sinna raða verkfræðinga og tæknifræðinga og sinnir öllum málaflokkum, verið sterkur aðili að regnhlífarsamtökum fyrir almennari mál sem einnig varða aðrar starfsstéttir.

7 Niðurstaða

Það er álit nefndarinnar að stefna beri að sameiningu Verkfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags verkfræðinga og Tæknifræðingafélags Íslands. Að mati nefndarinnar eru kostir og tækifæri sem skapast með nýju sameinuðu félagi stærri en þeir ókostir og ógnanir sem því fylgja.

Nefndin sér fyrir sér að nýtt sameiginlegt félag gæfi tækifæri til að þróa til að mynda kjarabaráttuna í nýjar áttir og efla hana, hefja rannsóknir og greiningu á hagrænum þáttum og gera sig meira gildandi í þjóðmálaumræðunni þegar hagfræðileg viðfangsefni eru í brennidepli.

Nefndin horfði nokkuð til skipunar félagsmála verkfræðinga og tæknifræðinga á Norðurlöndunum. Áberandi er að félögin þar hafa mjög ákveðna áherslu á beina persónulega hagsmunagæslu og þjónustu við einstaklinga við gerð kjara- og ráðningarsamninga. Félögin eru líka vel meðvituð um ástand atvinnumarkaðar og atvinnuleysi meðal félagsmanna og bjóða gjarnan ungum verkfræðingum og öðrum upp á aðstoð við starfsþróun, samningatækni og framkomu. Það er einnig áberandi að félögin vinna mikið starf við markaðssetningu verkfræðinnar og verkfræðinga og tæknifræðinga, sem oftast en ekki leiðir til bættrar ímyndar stéttarinnar. Það er einnig eftirtektarvert, að norrænu félögin vinna að mörgum langtímamarkmiðum, sem ugglaust markast m.a. af því að kjörtímabil stjórnarmanna eru lengri.

Ætla má að reynsla og rannsóknir norrænu félaganna á því hvers verkfræðingar og tæknifræðingar ætlast til af félagasamtökum sínum endurspeglar í starfsemi félaganna. Það má því leiða að því líkur, að íslenskir verkfræðingar og tæknifræðingar ættu að móta starfsemi félags síns með álíka hætti.

Danska módelið hugnast nefndarmönnum sérstaklega vel. Þar hefur orðið fullur samruni verkfræðinga og tæknifræðinga í eitt félag. Menntun danskra verkfræðinga og tæknifræðinga er með mjög álíka hætti og menntun íslenskra kollega þeirra og sömuleiðis er margt líkt með VFÍ, TFÍ og SV og dönsku félögunum (DIF, I-S og PFU) eins og þau voru fyrir sameiningu. Það er því viðbúið að í mörgum mikilvægum málum megi yfirfæra danska reynslu og

lausnir á þau vandamál sem félagasamtök íslenskra verkfræðinga og tæknifræðinga eiga við að etja í dag.

Sameinað íslenskt félag verkfræðinga og tæknifræðinga ætti að mati nefndarinnar að hafa skipurit sem líkast því sem danska systurfélagið hefur og myndi því hafa með höndum jafnt faglegt starf og félagslegt starf, almenna hagsmunabaráttu og kjarabaráttu. Félagið yrði þannig bæði fagfélag og stéttarfélag. Nefndin telur mikilvægt að stjórn nýja félagsins hafi sér til ráðuneytis stefnumótandi nefndir um mikilvægustu málefni svipað og fastanefndir (til dæmis menntamálanefndir) VFÍ og TFÍ hafa haft fram til þessa.

Inntökuskilyrði í sameinað félag verkfræðinga og tæknifræðinga ætti að mati nefndarinnar að vera þau sömu og gilda í félögunum þremur í dag.

Það er álit nefndarinnar, að stjórnir VFÍ, SV og TFÍ ættu að hefja nú þegar stefnumótun um sameiningu félaganna þriggja á grundvelli nefndarálits þessa. Öllu máli skiptir að málið verði undirbúið vel og kynnt rækilega meðal félagsmanna, jafnt í prentuðu máli sem og með málþingi eða öðrum svipuðum leiðum. Kynningin ætti að verða á almennum nótum þar sem kostir og ókostir yrðu tilteknir og flokkaðir.

Það er álit nefndarinnar, að allri kynningu og umræðu um nýja skipan í félagsmálum verkfræðinga og tæknifræðinga skuli beint til allra verk- og tæknifræðinga óháð félagsaðild í því skyni að ná til sem flestra í markhópi sameinaðs félags.

Nefndin leggur til, að efnt skuli til allsherjaratkvæðagreiðslu meðal félagsmanna strax á vori komanda (2004) til þess að leita eftir beinu umboði fyrir því að vinna að sameiningu félaganna. Spurningin sem kosið væri um ætti að vera einföld og aðeins að lúta að því, hvort félagsmenn vilja sameiningu. Um endanlegt skipurit og samþykktir nýs félags yrði síðan kosið síðar. Spurningin í sinni einföldustu mynd gæti verið þessi:

„Telur þú að stefnt skuli að sameiningu verkfræðinga og tæknifræðinga í eitt félag, sem hafi það að markmiði að gæta hagsmuna félagsmanna í hvívetna ?“

Ýmis önnur mál sem nefndin ræddi og skoðaði er að finna í viðaukum.

Reykjavík 23. desember 2003

Áritun nefndarmanna:

Viðauki 1: Nokkur atriði sem nefndin fjallaði um

Hvers vegna er ný skipan nauðsynleg?

- Atvinnumarkaður verkfræðinga og tæknifræðinga er sameiginlegur
- Atvinnulegir hagmunir verkfræðinga og tæknifræðinga eru langstærsta hagmunamál þessara hópa. Mörkun markvissrar stefnu til að byggja upp og verja þessa hagsmuni væri betur komin hjá einu sameiginlegu félagi.
- Styrkja þarf ímynd verkfræðinnar og auka sýnileika verkfræðinga og tæknifræðinga. Félögin þurfa að mynda sér almenna stefnu á helstu sviðum, sem verk- og tæknifræðingar koma að.
- Of margir verkfræðingar og tæknifræðingar standa alfarið utan félaga verk- og tæknifræðinga. Er það óstéttvísi eða reka félögin ekki nógu markvissan áróður fyrir því að menn skuli vera í félögunum?
- Nýliðun í VFÍ hefur verið lítil á undanförunum áratug
- Sótt er að störfum verkfræðinga og tæknifræðinga „neðan frá og frá hlið“. Iðnaðarmenn og tæknar sækja í störf, sem ef til vill væru betur skipuð verkfræðingum og tæknifræðingum. Sömuleiðis sækja lögfræðingar, hagfræðingar og viðskiptafræðingar í störf, sem áður hafa verið „eyrnamerkt“ verkfræðingum og tæknifræðingum
- Nú þegar eru útskrifað frá HÍ fólk með menntun í verkfræði, sem ekki hefur rétt til að kalla sig verkfræðing
- Viðbúið er að þess verði ekki langt að bíða að THÍ útskrifi fólk með „MSc in engineering“
- Hvað er tæknifræðingur með framhaldsmenntun?
- Rödd verk- og tæknifræðingafélaganna heyrir lítið í þjóðfélagsumræðunni
- Félög verk- og tæknifræðinga eru fremur máttlítil í umræðunni um æðri menntun þessara hópa og heyrir næstum ekki í umræðu um raungrainakennslu í grunn- og framhaldsskólum
- Hefur þú tekið eftir því hve oft orðasambandið “verk- og tæknifræðingar” kemur fyrir hér á undan? Er ekki kominn tími til að finna eitthvert samheiti yfir þessa hópa?

Starfsheitis- og menntamál

Sameining félaganna þriggja myndi ekki breyta neinu um núverandi skipan starfsheita verkfræðinga og tæknifræðinga. Innan sameinaðs félags væri í raun að finna þrjá hópa, í fyrsta lagi fólk sem lokið hefur BS prófi eða sem svarar 90 einingum en hefur ekki unnið sér rétt til starfsheitanna verkfræðingur eða tæknifræðingur. Í öðru lagi fólk með 105 eininga háskólapróf og hefur starfsheitið tæknifræðingur og í þriðja lagi fólk með 135 eininga háskólapróf eða meira og hefur starfsheitið verkfræðingur. Ennfremur væru í félaginu fólk með enn meiri menntun á sviði verkfræði, þ.e. doktorar, svo og þeir sem á

sínum tíma luku svokölluðu C.S. prófi frá Háskóla Íslands og hafa þegar hafa fengið starfsheitið verkfræðingur.

Nýja félagið myndi starfrækja eina menntamálanefnd sem gætir að menntamálum, starfsheitismálum og þess háttar.

Ein fræðigrein - verkfræði

Á Íslandi er(u) stétt(ir) verkfræðinga og tæknifræðinga oftár en ekki nefndar í sömu andrá. Auglýst er eftir „verk- eða tæknifræðingum“ í atvinnuaukýsingum og atvinnumarkaðurinn er nokkurn veginn sameiginlegur. Sömuleiðis er á hinum Norðurlöndunum talað um „ingeniører“ og nánari eftirgrennslan leiðir svo menntunargráðuna (civil-, teknikum- o.s.frv) í ljós.

Hér á landi er talað um tæknifræði og verkfræði sem tvær aðskildar fræðigreinar. Þetta stafar af því, að tæknifræðin þróaðist sem framhaldmenntun iðnaðarmanna, en verkfræðin hins vegar sem akademískt nám. Á öllum norðurevrópskum tungumálum er hins vegar fræðigreinin aðeins ein þ.e. verkfræði (engineering, ingenjörfaget, ingenieurwissenschaften o.s.frv).

VFÍ og TFÍ ályktuðu samhljóða fyrir nokkrum árum síðan að fræðigreinin sem verk- og tæknifræðingar hefðu hlotið menntun sína í, væri ein og hin sama þ.e. verkfræði. Verkfræðingur annars vegar og tæknifræðingur hins vegar væru því tvær mismunandi prófgráður í verkfræði.

Húseign VFÍ

Að mati nefndarinnar kemur til greina að VFÍ stofni sjálfseignarstofnun um húseign sína. Í raun starfar húsnefnd félagsins í dag mjög sjálfstætt og væri því í reynd ekki um verulega breytingu að ræða. Þegar grannt er skoðað væri það kannski eðlilegasti kosturinn, því þeir framsýnu verkfræðingar sem stóðu að því að reisa Verkfræðingahús af förnfýsi voru fyrst og fremst að reisa stéttinni umgjörð fyrir félagsstarfið og minnisvarða. Líkum má leiða að því að þessar eldri kynslóðir vildu að húsið yrði um ókomna tíð samastaður stéttarinnar og myndu ekki vilja að húsið væri notað sem trygging í einhverjum viðskiptum félagsins í framtíðinni.

FRV – verkfræðingar og tæknifræðingar í sama félagi

Félag ráðgjafarverkfræðinga, FRV, hefur um áraraðir haft innan sinna raða bæði verkfræðinga og tæknifræðinga og hefur reynslan af því að flestra mati verið góð.

Nafn félagsins

Nefndin velur sameinuðu félagi vinnuheitið Verkfræðinga- og tæknifræðingafélag Íslands og skammstöfunina VFÍ. Önnur nöfn gætu þó komið til greina, til að mynda:

- Verkfræðingafélag Íslands, VFÍ
- Landssamband íslenskra verkfræðinga, LÍV
- Verkfræðifélag Íslands, VFÍ
- Verktæknifélag Íslands, VTÍ
- Félag háskólamenntaðra tæknimanna, FHT

Lífeyrismál

Nefndin kannaði hvort sameining félaganna þriggja geti haft áhrif á það í hvaða lífeyrissjóð félagsmönnum væri heimilt að greiða. Niðurstaða nefndarinnar er sú að svo er ekki. Hér er um atriði að ræða sem tengist kjarasamningum og hefur ekki með sameiningu félaganna að gera.

Sjóðir

Félögin þrjú annast rekstur fjölmargra sjóða sem eru mismunandi að eðli og starfsemi. Sameinað félag myndi annast rekstur þessara sjóða og halda utan um réttindamál félagsmanna og þess háttar með sama sniði og félögin þrjú gera nú sitt í hvoru lagi.

Viðauki 2: IDA – ingeniørforeningen i Danmark

Rétt til inngöngu í IDA eiga þeir sem lokið hafa minnst þriggja ára háskólanámi í “verk- og raungreinum”. Félagsmönnum er skipt í 10 flokka eftir stöðu á vinnu- markaði. Þetta mun vera gert til þess að hægt sé að skilgreina verkefni og sérstakar aðgerðir auk þess sem tryggt er að allir hópar launþega eigi fulltrúa í launþegaráði.


1. Ríkisstarfsmenn
2. Starfsmenn sveitarfélaga
3. Starfsmenn á almennum markaði sem eru í vinnustaðahópum
4. Aðrir starfsmenn á almennum markaði
5. Stjórnendur í fyrirtækjum á almennum markaði
6. Sjálfstætt starfandi
7. Erlendis eða í hernum
8. Eftirlaunþegar
9. Aðrir án atvinnu
10. Ungfélagar

Skipurit félagsins samanstendur af

1. Fulltrúaráði, formanni, aðalstjórn, launþegaráði ásamt nefndum
2. 34 landshlutadeildum
3. 43 fagdeildum
4. Forbundsafdelinger
5. Klúbbdeildum
6. Tengdum félögum og nefndum

Kosið er til formanns og í 60 manna fulltrúaráð á þriggja ára fresti í skriflegri kosningu. Kosningar eru listabundnar, en listarnir eru oftast framsettir eftir þeim línunum, sem félagsmannaflokkunin mótar. Fulltrúaráðið skipar 15 manna aðalstjórn sem stýrir félaginu. Fulltrúaráðið skipar einnig 12 manna launþegaráð auk formanns þess, sem fer með starfskjaramál fyrir félagsmannahópa 1-4.

Félagsgjöld eru ca. ISK 50.000 á ári, en leiðbeinandi lágmarkslaun eru ca. ISK 330.000 á mánuði. Hlutfallsleg skipting félagsgjalda er þessi:



Framboðslistar

FILS-listen
Yngrelisten
pi_2000
IngeniørListen
Fælleslisten
Lokal Listen
Selvstændige
Ingeniører
Overenskomstansattes liste
Privatansattes Liste
Regnbuen
Senioringeniørlisten

Sjá nánari upplýsingar á www.ida.dk

Viðauki 3: CF – CivilingeniörFörbundet

Sænska verkfræðingafélagið CF er elsta (1861) og stærsta slíka félagið á Norðurlöndum með alls 95.000 félaga. CF er einnig stærsta félagið í félagi háskólamenntaðra í Svíþjóð.

Félagið skilgreinir þrjú áherslusvið:

- Hagsmunasvið, sem leggur áherslu á hina afgerandi þýðingu sem félagsmenn, tæknin og menntunin hefur fyrir velferð og þróun samfélagsins
- Atvinnumarkaðssvið, sem sýslar með atvinnumál, samninga og ráðningarkjör
- Þjónustusvið, sem vinnur að persónulegri aðstoð varðandi atvinnumarkaðinn

CF hefur markaða stefnu á ýmsum sviðum sem snerta hagsmuni verkfræðinga, svo sem um vinnuvernd, byrjunarlaun, símenntun, launaþróun, jafnréttismál, umhverfismál, hreyfanleika á vinnumarkaði, atvinnumál og menntamál.

Rétt til inngöngu í félagið eiga þeir sem lokið hafa minnst 120 einingum í verkfræði eða eru í verkfræðinámi.

Fulltrúaráð er æðsta stjórnvald félagsins og kosið er til þess skriflegri kosningu á fjögurra ára fresti.

Verkfræðingar velja 81 fulltrúa, civilingeinörnámsmenn 7 fulltrúa og høgskoleingeniörnámsmenn 7 fulltrúa.

Kosningar eru listabundnar, en listarnir eru oft tengdir vinnustöðum eða landssvæðum. Fulltrúaráðið velur annað hvert ár formann og 14 manna stjórn. Stjórnin hefur sér til aðstoðar fjögur ráð; atvinnumarkaðsráð, félagaráð, tækni og samfélagsráð og menntunarráð. Í hverju ráði eru 8 manns.

Á skrifstofum félagsins vinna ca. 100 manns.

Auglýst lágmarksbyrjunarlaun nýútskrifaðs verkfræðings eru ca. ISK270.000 og félagsgjaldið er ISK34.000 á ári

Sjá nánari upplýsingar á www.cf.se

Framboðslistar

Teknikkonsultkorporationen
CF Telia
Försvarslistan
Högskolelistan
CF-Ericsson
CF Stockholm-Mälardalen
SAAB-gruppen
Seniorlistan
CF ABB
CF-Syd
CF Väst Västsvenska
Valkorporationen
Vattenfallkoncernen
Patentkorporationen
CF Volvo
Lantmäteriakademikernas
Civilingenjörsförening
CF Saab
SANDVIK
V-byggarlistan